

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: Fjárlaganefnd Alþingis
Sendandi: Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Dagsetning: 13. október 2023
Málsnúmer: FJR23010092
Bréfalykill: 3.1

Efni: Svar við fyrirspurn fjárlaganefndar frá 20. september 2023 (spurningar 8 og 9)

Vísað er til tölvupósts frá ritara fjárlaganefndar Alþingis þann 21. september sl. þar sem óskað er eftir því að fjármála- og efnahagsráðuneytið taki saman svör við ýmsum atriðum er varða frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024. Meðfylgjandi eru svör fjármála- og efnahagsráðuneytisins við spurningum 8 og 9 í erindi nefndarinnar.

8. Hvað skýrir neikvæða raunávöxtum B-deildar LSR?

Hrein eign B-deildar LSR til greiðslu lífeyris nam 246.172 m.kr. í árslok 2022 samanborið við 297.382 m.kr. árið áður. Nafnávöxtun sjóðsins á árinu 2022 var neikvæð um 7,8% sem samsvarar 15,7% neikvæðri raunávöxtun. Hrein raunávöxtun, þ.e. raunávöxtun þegar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var neikvæð um 15,9%. Til samanburðar þá var meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára 4,0%, síðustu 10 ára 4,8% og síðustu 20 ár hefur meðaltalið verið 3,8%.

Neikvæða ávöxtun ársins má fyrst og fremst rekja til neikvæðrar verðþróunar á mörkuðum. Innlendum hlutabréfamarkaður lækkaði um 26% á árinu m.v. OMXI10 vísitöluna og erlendir hlutabréfamarkaðir lækkuðu einnig. Þá dró hækkandi vaxtastig niður verð á bæði innlendum og erlendum skuldabréfamörkuðum. Að öðru leyti vísar ráðuneytið í viðeigandi skýringar í ársreikningi B-deildar LSR hvað varðar nánari upplýsingar um ávöxtun eigna sjóðsins.

9. Óskað er eftir yfirliti sem sýnir heildaráhættu ríkissjóðs og hvernig einstakir liðir mynda hana.

Fjárhagsáhætta sem ríkissjóður stendur frammi fyrir í rekstri og efnahag er margvísleg og tengist bæði beinum og óbeinum skuldbindingum auk ytri áhættuþátta. Uppruni fjárhagsáhættu ríkissjóðs er því þekktur að hluta en einnig er um óvissuþætti að ræða sem ekki er vitað hvort og hvenær raungerast.

Fjallað er ítarlega um helstu áhættuþætti sem snúa að rekstri og efnahag ríkissjóðs og áhættustýringu í skýringu 34 í ríkisreikningi fyrir árið 2022. Einnig er fjallað um fjárhagsáhættu ríkissjóðs í 4. kafla fjármálaáætlunar 2024-2028 fyrir þau ár sem áætlunin nær til og 11. kafla frumvarps til fjárlaga ársins 2024. Vísar ráðuneytið til framangreindrar umfjöllunar varðandi nánari upplýsingar um heildaráhættu ríkisins og umfjöllun um einstaka liði þar að baki.